

Skíðasamband Íslands
Skíðaðing 11.-12. maí 2012



Ísafirði

Efnisyfirlit

1. Þingsetning.....	4
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar	4
3. Ávörp gesta	5
4. Álit kjörbréfanefndar	6
5. Skýrsla stjórnar og nefnda	6
6. Reikningar SKÍ framlagðir	6
7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.....	6
8. Reikningar bornir undir atkvæði.....	6
9. Fjárhagsáætlun lögð fram	6
10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda.....	6
11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	7
12. Úthlutun móta og annarra verkefna (liður 13 tekinn á undan).....	8
13. Tillögur og ályktanir afgreiddar	8
1) Álit skíðagöngunefndar.....	8
2) Alpagreinaneftnd.....	9
3) Útbreiðslu- og fjárhagsneftnd:	10
4) Afgreiðsla þingskjala:	11
14. Kosningar.....	13
15. Önnur mál	14
5) Hlé var gert á liðnum önnur mál og þingskjal 10 tekið til umfjöllunar á nýjan leik.14	
6) Til baka í önnur mál:.....	14
16. Þingslit	16
7) Þingskjal nr. 2	17
8) Þingskjal nr. 3	18
9) Þingskjal nr. 4	19
10) Þingskjal nr. 5.....	20
11) Þingskjal nr. 6.....	21
12) Þingskjal nr. 7.....	22
13) Þingskjal nr. 8.....	23
14) Þingskjal nr. 9.....	24
15) Þingskjal nr. 10.....	27
16) Þingskjal nr. 11.....	37
17) Þingskjal nr. 12.....	38

Föstudagur 11. maí 2012

1. Þingsetning

Páll Grétarsson, formaður SKÍ, setti þingið og bauð alla velkomna. Þakkaði Ísfirðingum heimboðið. Bauð gesti sérstaklega velkomna. Færði þinginu kveðjur Guðmundar Jakobssonar sem átti ekki heimangengt en óskar lausnar úr stjórn SKÍ. Fáir hafa unnið jafn fjölbreytt starf fyrir sambandið og Guðmundur. Páll þakkaði störf hans. Þá tilkynnti Páll að Fjalar Úlfarsson hefði verið ráðinn landsliðsþjálfari alpagreina. Undirrituðu Fjalar og stjórnarmenn samning þess efnis. Þingsetning var föstudaginn 11. maí kl. 19:30 og áætluð þinglok eru laugardaginn 12. maí kl 16:30.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti nr. 1 var kosinn Daníel Jakobsson

Þingforseti nr. 2 Óskar Garðarsson

Þingritari nr. 1 var kosin Sólrún Geirsdóttir

Þingritari nr. 2 Þórunn Sif Harðardóttir

Þingforseti, Daníel Jakobsson, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Næsta mál var að kjósa starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Kjörbréfanefnd – hlutverk hennar er að safna saman kjörbréfum og fara yfir þau, tilkynna hversu margir eru mættir til þings og hversu margir atkvæðabærir þingfulltrúar eru á svæðinu. Tilnefndir í kjörbréfanefnd voru þeir Auðunn Kristinsson, Jóhann Tryggvason og Hjalti Karlsson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Auðunn fer fyrir nefndinni.

Kjörnefnd – hlutverk hennar er að finna fulltrúa í þær nefndir sem kosið verður um á þinginu og einnig í stjórn sambandsins.

Tilnefnd í kjörnefnd voru þau Tómas Ingi Jónsson, Anna Laufey Sigurðardóttir og Jóhanna Oddsdóttir.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Tómas Ingi fer fyrir nefndinni.

3. Ávörp gesta

Páll Grétarsson, formaður SKÍ, kom fyrstur í ræðustól.

Það hann eftirtalda gesti að koma upp: Jóhann Tryggvason, Fjarðabyggð, Hjalta Karlsson, Guðmund Ágústsson, Margréti Halldórsdóttur, Kristján Rafn Guðmundsson, Jóhann Króknes Torfason, Kristbjörn R. Sigurjónsson. Þau eru öll frá Ísafirði. Afhenti Páll þeim heiðursmerki SKÍ. Jóhann Tryggvason hefur lengi verið driffjöður í skíðastarfi á Austfjörðum. Fær gullmerki SKÍ. Hjalti Karlsson hefur verið ein helsta driffjöður alpagreina á Ísafirði síðustu árin. Fær silfurmerki SKÍ. Guðmundur Ágústsson hefur verið órjúfanlegur hluti af mótahaldi á Seljalandsdal árum saman. Lagði ásamt fleirum grunn að Fossavatnsgöngunni. Sæmdur silfurmerki SKÍ. Margrét Halldórsdóttir hefur sinnt félagsstarfi SFÍ árum saman. Er „jarðýta“ til verka. Sæmd silfurmerki SKÍ. Kristbjörn R. Sigurjónsson hefur setið í göngunefnd SFÍ í ótal ár. Hefur leitt sjálfboðastarf skíðagöngumanna á Seljalandsdal. Hefur leitt Fossavatns-gönguna síðustu ár og hafið hana til vegs og virðingar. Fær silfurmerki SKÍ. Kristján Rafn er einn fræknasti skíðakappi sem Ísfirðingar hafa átt. Er sigursælasti keppandi í Fossavatns-göngunni. Hefur gengið Vasa gönguna í Svíðþjóð oftast en aðrir Íslendingar. Áburðarmeistari ísfirskra göngumanna um áratuga skeið. „Skíðaaafi“. Sæmdur gullmerki SKÍ. Jóhann Króknes Torfason hefur um árabíl staðið í fylkingarbrjósti þeirra sem hafa staðið að uppbyggingu skíðaaðstöðunnar á Ísafirði. Er sérlega fylginn sér í fjáröflunarstarfsemi. Sæmdur gullmerki SKÍ.

Páll gat þess að félagsmenn þyrftu að vera duglegri að tilnefna fólk til að fá heiðursmerki SKÍ. Merkin eru ætluð til að þakka vel unnin störf.

Jóhann Króknes Torfason kom næstur í pontu. Hann gat þess að eitt kæmi í hugann við svona afhendingar, nefnilega makarnir sem standa á bak við fólknið sem vinnur sjálfboðastörfin. Það má ekki gleyma að þakka það. Óskaði Fjalari til hamingju með starfið. Þakkaði Bobba (Kristbiri Sigurjónssyni) fyrir góð störf.

Gústaf Adolf Hjaltason. Fulltrúi ÍSÍ (er í varastjórn ÍSÍ og stjórn Þróunar- og fræðsluviðs) tók næstur til máls. Þakkaði boðið á þingið. Bar kveðjur Friðriks Einarssonar, Ólafs Rafnssonar, formanns ÍSÍ, og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Þakkaði gott samstarf ÍSÍ við SKÍ. Helstu fréttir af ÍSÍ: Ólympíuár í ár og margt sem fylgir því. Myndarlegur hópur í einstaklingsíþróttum og handboltalandsliðið hafa áunnið sér keppnisrétt á leikunum.

Gústaf gat þess að skýrsla SKÍ væri vandað plagg. Ánægjulegt að fjárhagsstaðan sé jákvæð. Þó þurfi að berja meira á stjórnvöldum til að fá meiri peninga í íþróttastarfið og stuðning við afreksmenn.

Öflugt almenningssvið hjá ÍSÍ – nú er í gangi átakið „Hjólað í vinnuna“, kvennahlaupið og fleira á döfinni. Fjallaði um fjarnám í þjálfaramenntun. Las punkta frá Friðrik Einarssyni: Íslendingar áttu þrjá fulltrúa á vetrarólympíuleikum ungmenna sem fram fóru í Innsbruck í janúar 2012. Veturinn var góður, skíðasvæðin mikið opin. Gaman að sjá Skálafell opnað. Stefnt er að því að senda stóran hóp ungmenna til Brasov í Rúmeníu í febrúar 2012 á Ólympíuhátíð æskunnar. FIS hefur nú breytt aldursflokkaskiptingu og munu því árgangar 1995-1996 keppa þar, eða sömu árgangar og kepptu fyrir Íslands hönd síðastliðinn vetur. Stefnt að því að Íslendingar eigi í fyrsta sinn í 20 ár keppanda í skíðagöngu á næstu vetrarólympíuleikum, auk keppenda í alpagreinum.

Gústaf kallaði Pál Grétarsson upp og afhenti honum gullmerki ÍSÍ. Óskaði eftir vinnusömu og átakasömu þingi en að menn skilji sáttir.

Jóhann Tryggvason, Fjarðabyggð: þingfulltrúi – þakkaði fyrir sig í bundnu máli:

Nú hæfir að vera hljóður
og hugsa um almætti
mikið andskoti er Palli góður
að gefa mér gullmerki.

4. Álit kjörbréfanefndar

Auðunn kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Fjöldi þingfulltrúa sem eru mættir er 29 af 37 sem hafa rétt til setu.

- Skíðaráð Reykjavíkur er með 6 fulltrúa
- Skíðafélag Akureyri með 5 fulltrúa
- Skíðafélag Ísfirðinga með 5 fulltrúa
- Breiðablik með 3 fulltrúa
- Skíðafélag Dalvíkur með 4 fulltrúa
- ÚÍF/ Skíðafélag Ólafsfjarðar með 2 fulltrúa
- ÚÍA/ Skíðafélagið Stafdal með 4 fulltrúa

5. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Páll Grétarsson*, fór yfir skýrslu stjórnar. Þingfulltrúar hafa skýrsluna hjá sér.

6. Reikningar SKÍ framlagðir

Óskar Garðarsson, gjaldkeri, talar fyrir reikningum. Allir þingfulltrúar hafa reikningana fyrir framan sig til hliðsjónar.

7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga

Þingforseti bauð þingfulltrúum að tjá sig um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn óskaði eftir því.

8. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2012-2013 var kynnt af Óskari Garðarssyni, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig. Óskar lagði til að áætluninni yrði vísað til fjárhags- og útbreiðslunefndar til umfjöllunar.

10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 2 – Tillaga stjórnar SKÍ um fyrirkomulag, mótahald og aldursskiptingu unglinga- og fullorðinsflokks. Vísað til alpagreinanevndar og skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 3 – Tillögur SKA varðandi lagabreytingar. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 4 – Ósk frá SKA um að tekin verði til umræðu ýmis málefni, m.a. um lengingu mótahelga, flokkaskiptingu, mótatöflu, landsliðsmál og fleira. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga frá Skíðafélagi Ólafsfjarðar um breytingar á keppnisreglum í skíðagöngu á Skíðamóti Íslands. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 6 – Tillaga frá SKA um breytingar á keppnisreglum í skíðagöngu á Skíðamóti Íslands. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 7 – Tillaga frá SKA um breytingar á keppnisreglum í Íslandsgöngunni. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands um lagabreytingar. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 9 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands um lagabreytingar. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar (og síðari lið einnig til skíðagöngunefndar).

Þingskjal nr. 10 – Tillaga frá laga- og reglugerðarnefnd Skíðasambands Íslands um breytingar á reglugerðum SKÍ vegna nýrra aldursflokkeglna FIS. Vísað til allra nefnda.

Þingskjal nr. 11 – Gjaldskrá SKÍ. Vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingforseti óskaði eftir að nýtt mál yrði tekið inn á þingið: Breytingar á lögum SKÍ. Það var samþykkt og fékk þingskjalið númerið 12. Fer til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar.

11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða þrjár nefndir, Alpagreinanevnd, Skíðagöngunefnd og Útbreiðslu- og fjárhagsnefnd.

Alpagreinanevnd: Arnar Gauti stjórnar og Sólrún Geirsdóttir er ritari.

Skíðagöngunefnd: Birgir Gunnarsson stjórnar.

Fjárhags- og útbreiðslunefnd: Óskar Garðarsson.

Starf nefndanna hófst kl. 10:00 laugardaginn 12. maí. Þar ræddu nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra.

Laugardagur 12. maí 2012

12. Úthlutun móta og annarra verkefna (liður 13 tekinn á undan)

Ákveðið hefur verið að UMÍ 2013 fari fram í Fjarðabyggð og SMÍ 2013 á Ísafirði.

13. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Nefndirnar kynntu umræður sínar og afgreiðslu tillagna.

1) Álit skíðagöngunefndar

Birgir Gunnarsson:

1. Þingskjal nr. 1 Nefndin samþykkir það óbreytt.
2. Þingskjal 2: aldurskiptingin verði í samræmi við þingskjal nr. 10. Gera meira úr þeim viðburðum sem staðið er fyrir. Gera meiri kröfur til mótahaldara.
3. Þingskjal 3 er umræðuskjal – niðurstaða: æskilegt að halda skíðaþing í lok maí. Ekki gott að bíða til haustsins. Gera þarf ýmislegt til að undirbúa starf vetrarins. Styður að brettanefnd verði stofnuð.
4. Þingskjal 4 – umræðuskjal frá SKA. Rædd var hugmynd um að gera skoðanakönnun til að greina stöðuna í skíðagöngu og vinna úr því til að bæta úr. Koma þarf úrslitum móta til fjölmiðla. Færa þarf skíðamót nær almenningi – sbr. sprettgöngu í miðbæ Ísafjarðar í upphafi skíðaviku og hjólaskíðagöngu að sumri. Fjöldi móta er mikill í dag, nánast allar helgar vetrarins undirlagðar undir einhvers konar göngumót. Nefndin vill beina því til mótanefndar að sameina t.d. bikarmót og Íslandsgöngu.
5. Þingskjal 5 samþykkt.
6. Þingskjal 6 fellt.
7. Þingskjal 7 samþykkt og umræður um frekari breytingar á útreikningi – beint til trimmnefndar sem vinni að því að skoða þessi mál fyrir næsta skíðaþing.
8. Þingskjal 9 samþykkt.
9. Þingskjal 10 - mestur tími fór í að ræða það. Niðurstaða: röðun í aldursflokka miðist við þann aldur sem viðkomandi nær á árinu – í samræmi við hvernig þetta er í Noregi og Svíþjóð. Nefndin samþykkir skjalið með breytingum. Nefndin leggur til að vegalengdum í skíðagöngu á Skíðamóti Íslands verði breytt: Karlar: 7,5+7,5 km í stað 5+5 km; konur 5+5 km í stað 2,5+2,5 km. Á aðeins við um skiptigöngu. Í keppni um Íslandsmeistaratitla í lengri vegalengdum verði gerð eftirfarandi breyting: Konur: í stað 10 km verði 15 km.
10. Þingskjal 11 – nefndin vill umræðu um gjaldtöku. Ýmis félög þurfa að leggja í mikið markaðsstarf. Vilja setja hámark á hluta á SKÍ í almenningsgöngum.
11. Þingskjal 12 samþykkt.

2) Alpagreinanefnd

Arnar Gauti Reynisson:

1. Þingskjal 1 – Fjárhagsáætlun. Lagt til að útbreiðslustyrkur ÍSÍ renni allur til útbreiðslu- og sögunefndar. Verður að leggja meira í útbreiðslumál. SKÍ þarf að afla meiri peninga í staðinn.
2. Þingskjal 2 – Aldursskipting hópa og mótahald. Fékk heilt yfir ágætisviðtökur. Mestur tími fór í að ræða sameiningu unglunga 2 við SMÍ. Flestir virðast hlynntir því að halda unglingameistaramót fyrir 12-15 ára og að 16 ára og eldri keppi á landsmóti. Eftir stendur að 12-13 ára hafa tvö mót: meistaramót og Andrés (jafnvel möguleika á fleirum). 14-15 ára verði áfram á bikarmótum. Samræma þarf reglur um verðlaunaafhendingar (og aukaverðlaun). Aldursskipting og verðlaunaafhending heldur en úr varð ályktun: *Þing SKÍ haldið á Ísafirði 11.-12. maí 2012 samþykkir að veturinn 2013 verði UMÍ haldið fyrir 12-13 ára og 14-15 ára og á SMÍ verði keppt í flokki 16-17 ára, 18-20 ára og fullorðinna. Laga- og reglugerðabreytingar um UMÍ og SMÍ verði gerðar að fenginni reynslu á skíðaþingi 2013.*
3. Þingskjal 3 - tillögur SKA varðandi lagabreytingar. Vilja fresta skíðaþingi til október. Mikið að gera í lok vetrar – enginn tími til að undirbúa þing í maí. Nauðsynlegt að tillögur liggi fyrir fyrr og fái vinnslu hjá formönnum og félögum. Setja inn á dagskrá formannafunda að yfirfara lög. Breytingartillaga: *6. grein: Skíðaþing skal halda í maí ár hvert. Boðað skal til þess með minnst mánaðar fyrirvara. Málefni sem óskast tekin fyrir á skíðaþingi skulu hafa borist stjórn SKÍ fyrir 10. apríl. Dagskrá þingsins **ásamt þinggögnum** skal hafa borist öllum aðildarfélögum eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Skíðaþing er löglegt sé löglega til þess boðað.*
4. Þingskjal 4 – Umæðuskjal. Rætt fram og til baka. Það eru bæði kostir og gallar við lengri mótahelgar.
5. Þingskjal 10 – breytingartillaga:
6. Engin breyting á bikarkeppninni felst í þessum tillögum. Aðeins á verðlaunaveitingum. Skv. reglum FIS á að veita verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Tillaga Jóhanns Tryggvasonar vegna verðlaunaafhendinga: *Þing SKÍ haldið á Ísafirði 11.-12. maí 2012 samþykkir að verðlaun á bikar- og FIS mótum verði þannig að veitt skuli þrenn verðlaun í flokki 16-17 ára og þrenn verðlaun fyrir FIS hluta mótsins (opið fyrir 16 ára og eldri).*
7. Þingskjal 12 - Viðbótartillaga (SKA): *8.6. Fulltrúar sveitarfélaga. 8.7. Einn þjálfari hvers aðildarfélags í hverri grein.*
8. Ástæður: sveitarfélögin reka yfirleitt skíðasvæðin.

3) Útbreiðslu- og fjárhagsnefnd:

Helgi Geirharðsson:

1. Þingskjal 8 – samþykkt.
2. Þingskjal 3 – varðandi 6. grein: ekki er grundvöllur að breyta tímasetningu. 8. grein: ekki er ástæða til að fjölga fulltrúum á skíðapingi. 10. grein brettanefnd - samþykkt, 13. grein – breyting felld. Þingskjalið í heild er fellt nema stofnun brettanefndar.
3. Þingskjal 9 – rétt er að sameina trimm- og skíðagöngunefnd. Samþykkt að setja á stofn snjóbrettanefnd. Færa fram fyrir útbreiðslunefnd. Lagt til að snjóbrettanefnd noti fyrsta árið til að samræma sig við SKÍ. Umræður eigi sér stað. Fella út grein um öldunganefnd.
4. Þingskjal 10 – þingskjal 2 gengur lengra – þarf að samræma. Skjalið samþykkt sem slíkt. 2–4 bestu mót gildi til bikarstiga. Fellt að halda UMÍ samhliða SMÍ – fækka mótum fyrir 13 ára. Samþykkir breytingar varðandi verðlaunaveitingar. Samræma nafngift á meistaramótum – ekki rétt að tala um unglíngamót sem börn keppa á.
5. Þingskjal 1 – samþykkt.
6. Þingskjal 11 – breytingar – gera þarf textabreytingar eftir því hvernig mótafyrirkomulag verður samþykkt. Annars samþykkt.
7. Þingskjal 12 – samþykkt.
8. Þingskjal 4 – ekki formleg afstaða nema til þess að staðla fjölmiðlaupplýsingar – vísað til stjórnar og útbeiðslunefndar.

4) Afgreiðsla þingskjala:

1. Þingskjal 3 - Gönguskíðanefnd leggur til að þingið verði haldið síðar í maí. Útbreiðslunefnd – 13.3 breyting á brettanefnd – fellir þingskjalið í heild nema orðalag um brettanefnd.
2. Alpagreinaneftnd – breytingartillögur á 6. grein – bætt verði inn: **ásamt þinggögnum**. Breytingartillaga: *6. grein: Skíðaðing skal halda í maí ár hvert. Boðað skal til þess með minnst mánaðar fyrirvara. Málefni sem óskast tekin fyrir á skíðaðingi skulu hafa borist stjórn SKÍ fyrir 10. apríl. Dagskrá þingsins ásamt þinggögnum skal hafa borist öllum aðildarfélögum eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Skíðaðing er löglegt sé löglega til þess boðað.*
3. Umræður opnaðar um þingskjal 3. Tillaga útbreiðslunefndar gengur lengst; liður 10.13.iiii verði: **snjóbrettanefnd**. Aðrir liðir felldir. Einungis samþykkt það sem að ofan greinir.
4. Þingskjal 4: Umræðuskjal. Hægt að búa til ályktun upp úr því. Afgreitt án atkvæðagreiðslu.
5. Þingskjal nr. 5: Borið upp – samþykkt samhljóða.
6. Þingskjal nr. 6: Skíðagöngunefnd leggur til að þetta verði fellt. Fellt.
7. Þingskjal nr. 7: Samþykkt samhljóða.
8. Þingskjal nr. 8: Útbreiðslu- og fjárhagsneftnd lagði til að þetta yrði samþykkt. Tillaga samþykkt samhljóða.
9. Þingskjal nr. 9: Skíðagöngunefnd leggur til að þetta verði samþykkt. Umsögn útbreiðslu- og fræðslunefndar: 10. grein, álit kjörbréfanefndar færast úr 6. í 8. lið. Samþykkt samhljóða. Gr.16.iv.8. liður – lagt til að þessi liður falli út. Samþykkt.
10. Drög að ályktun: Snjóbrettanefnd noti 1. starfsár sitt til þess að samærma sig við SKÍ. Samþykkt.
11. Skíðaðing hvetur til að jafnframt verði hugað að snowcross innan SKI. Samþykkt samhljóða.
12. Lagt til að fella út öldunganeftnd 16.iv.10 Samþykkt.
13. Liður 16.iv.3. snjóbrettanefnd.
14. Þingskjal nr 9 borið upp með breytingum. Samþykkt.
15. Þingskjal nr. 11 – engin nefnd gerði tillögu um breytingu á gjaldskrá SKÍ. Samþykkt.
16. Þingskjal nr. 12 - tillaga frá alpagreinaneftnd: Við bætist liður 8.6. fulltrúar sveitarfélaga og 8.7. einn þjálfari frá hverju félagi í hverri grein. Umræður: Páll Grétarsson: fagnar áhuga alpagreinaneftndar á að stækka skíðaðing. Bendir á hvað fylgir þessu – kostnaður félaganna eykst. Telur ekki ástæðu til að gera þessa

- breytingu. Félög eiga erfitt með að manna þingin – ef þjálfarar bætast við eykst kostnaður þeirra.
17. Borið upp: viðbót 8.6 Samþykkt. 8.7 borið upp: Samþykkt.
 18. Þingskjal borið upp í heild sinni með áorðnum breytingum – Samþykkt.
 19. Þingskjal nr. 2 - Fella skal þingskjal nr 2 inn í þingskjal nr 10. Breytingar á reglugerðum um SMÍ, UMÍ og bikarmót í alpagreinum.
 20. Þingskjal nr. 10 Tillögur frá skíðagöngunefnd: ekki verði hróflað við breytingum á aldri að svo stöddu. Breytingartillaga á 7. grein reglugerðar um Skíðamót Íslands: Karlar í stað 5+5 verði 7,5+7,5 km; konur: í stað 2,5+2,5 verði 5+5 km. Í keppni um Íslandsmeistararitla í lengri vegalengdum breytist: konur – í stað 10 km verði 15 km.
 21. Breytingartillaga alpagreinaneftdar við þingskjal 2: *Þing SKÍ haldið á Ísafirði 11.-12. maí 2012 samþykkir að veturinn 2013 verði UMÍ haldið fyrir 12-13 ára og 14-15 ára og á SMÍ verði keppt í flokki 16-17 ára, 18-20 ára og fullorðinna. Laga- og reglugerðabreytingar um UMÍ og SMÍ verði gerðar að fenginni reynslu á skíðaþingi 2013. Aldursflokkar á UMÍ verði þá 12-13 ára og 14-15 ára. Breyta nafni því flokkarnir heita börn 1 og 2. Reglugerð um meistaramót Íslands á skíðum. Vinna þarf skjalið betur. Reglugerðin í heild þarfnast endurskoðunar, þarf að ná yfir allt sem þarf og taka út það sem er ofaukið. Ýmsir tóku til máls og komu með ólíka punkta. Þingforseti lagði til að formenn allra nefnda færu afsíðis og reyndu að komast að niðurstöðu um afgreiðslu þessa skjals.*
 22. Þingskjal nr. 1 - Alpagreinaneftnd leggur til að hækka tekjuliðinn aðra styrki og framlög í kr. 4.915.000 og gjöld: Útbreiðslu- og sögunefnd hækki í kr. 1.900.000 (Þannig að útbreiðslustyrkur ÍSÍ (kr. 1.900.000) renni óskiptur til útbreiðslumála. Óskar: tekjurnar falla í raun undir útbreiðslustarfsemi. Nýr liður: brettanefnd – má líta á það sem útbreiðslumál. Leggur til að þessu verði vísað frá. Útbreiðslunefnd komi með tillögur um hvernig afla skuli tekna til að auka megi útbreiðslustarf. Margrét Halldórsdóttir ítrekaði að rætt var um fækkun iðkenda og hvað hægt væri að gera. Bundnar eru vonir við að útbreiðslunefnd verði öflug. Kostnaður verður alltaf einhver, sama hvað gert er. Það þarf að setja miklu meiri kraft í útbreiðsluna og einhvers staðar þarf að fá peningana. Mikilvægt að við hættum að spila bara vörn – heldur spilum sókn. Óskar: mikilvægt að efla útbreiðsluna – en þurfum að gæta þess að enda ekki með taprekstur. Tillögurnar þurfa að ganga upp fjárhagslega. Margrét bendir á að þetta sé sá staður þar sem þurfi að bæta í. Páll Grétarsson: tillaga - gjöld: útbreiðslu- og sögunefnd kr. 1.000.000. Hækka á móti: aðrar tekjur 850.000. Óskar: fordæmi er fyrir því að nefndir afli sér sjálfar tekna. Hægt að eyrnamerkja þá peninga ákveðnum verkefnum.
 23. Tvær breytingatillögur: hækka tekjuliðinn aðrir styrkir í 4.915.000 og útgjaldaliðinn útbreiðslu- og sögunefnd í kr. 1.900.000. Hin tillagan: hækka þessa liði um 500.000.
 24. Fyrri tillagan sem gengur lengra: felld. Seinni tillagan: samþykkt.
 25. Fjárhagsáætlun borin upp með áður samþykktum breytingum. Samþykkt.

14. Kosningar

Tillögur kjörnefndar:

Fyrir liggur að formaður sé kosinn til eins árs og er lagt til að *Páll Grétarsson* verði endurkjörinn. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Einn stjórnarmaður til eins árs (í stað *Guðmundar Jakobssonar*): *Margrét Halldórsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Áfram eru í stjórn, auk formanns: *Óskar Garðarsson* og *Árni Rudolf Rudolfsson*.

Tillaga kjörnefndar um nýja menn til tveggja ára: *Birgir Gunarsson*, *Egill Ingi Jónsson* og *Friðbjörn Benediktsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í varastjórn eru tilnefndir: *Helgi Geirharðsson*, *Óskar Óskarsson* og *Ögmundur Knútsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í laga- og reglugerðarnefnd eru tilnefnd: *Auður Sigurjónsdóttir*, *Ástvaldur Kristinsson* og *Margrét Guðmundsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Endurskoðendur voru kosnir sem aðalmenn: *Björk Guðmundsdóttir* og *Guðmundur B. Guðmundsson*. Til vara: *Axel Alfreðsson* og *Auður Björg Sigurjónsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Í skíðadómstól voru kosnir sem aðalmenn: *Jóhann Haukur Hafstein*, *Haukur Örn Birgisson* og *Gísli Einar Árnason*. Til vara: *Egill Jóhannsson*, *Björn Þór Ólafsson* og *Jakob Einar Jakobsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í alpagreinanefnd voru kosnir: *Sveinn Torfason*, *Gunnar Reynisson*, *Arnar Gauti Reynisson* og *Sindri Már Pálsson*. Nefndin samþykkt með lófaklappi.

Í snjóbrettanefnd voru kosnir: *Kristján Kristjánsson*, *Viktor Hjartarson* og *Jóhann Óskar Borgþórsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í skíðagöngunefnd voru kosnir þeir *Kristján Hauksson*, *Ólafur Björnsson* og *Jón Ottó Gunnarsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í fræðslunefnd voru kosnir: *Björn Gunnarsson*, *Ólafur H. Björnsson* og *Jón Viðar Þorvaldsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í útbreiðslunefnd voru kosin: *Hólmfríður Vala Svavarsdóttir*, *Benedikt Hermannsson* og *Stella Hjaltadóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

Í mannvirkjanefnd voru kosnir þeir *Snorri Guðmundsson*, *Halldór Jóhannsson* og *Guðmundur Jakobsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í móta- og aganefnd voru kosnir þeir *Hannes Bjarnason*, *Kári Jóhannesson* og *Benedikt Hermannsson*. Samþykkt með lófaklappi.

Í fjárhagsnefnd voru kosnir þeir: *Gísli Reynisson, Kristján Vilhelmsson* og *Jóhann K. Torfason*. Samþykkt með lófaklappi.

Punktaformaður alpagreina var kosinn *Elmar Hauksson*. Samþykkt með lófaklappi.

Punktaformaður skíðagöngu var kosinn *Ólafur H. Björnsson*. Samþykkt með lófaklappi.

15. Önnur mál

Óskar Óskarsson: Til stóð að leggja fram drög að mótatóflu. Verður geymt að sinni. Sent í næstu viku. Verður borið undir aðra mótanefndamenn. Gekk vel með gátlista. Verður fylgt fastar eftir – ganga á eftir því sem beðið er um. Varðandi eftirlitsmenn – hefur gengið illa í vetur eins og undanfarin ár. Félögin vita ekki hverjir eru eftirlitsmenn innan þeirra raða. Tillaga að félögin fari yfir þessi mál, geri lista og láti skrifstofuna vita. Þarf 6-7 í alpagreinum og 5 í göngu. Félögin verða að boða til móta skv. reglum. Þetta þarf að herða. Þakkar Guðmundi Jakobssyni fyrir samstarfið.

Friðbjörn Benediktsson, nýr stjórnarmaður og formaður snjóþrettanefndar. Er snjóþrettaheimurinn hugleikinn. Þakkar góðar móttökur. Hugmyndir varðandi mótahald – tvö bikarmót, Andrés eins og 2012. Óskar þess að skíðafélögin taki vel á móti þrettafólki og fari að undirbúa jarðveginn þannig að auðveldara verði fyrir þrettafólk að koma inn í félögin.

5) Hlé var gert á liðnum önnur mál og þingskjal 10 tekið til umfjöllunar á nýjan leik.

Þingskjal nr. 10. Niðurstaða formannanna: breytingartillaga: þingskjal 10 eigi aðeins við um alpagreinar. Það sem á við um skíðagöngu í því skjali detti niður dautt. Jóhann Tryggvason: vill skýringu á því hvað þetta þýðir. Ef hann skilur rétt verði UMÍ í Oddsskarði – alpagreinar fyrir árganga 1997-2000 og ganga 1996-1999. Með þessu fækkar ekki verkefnum árgangs 1999 í göngu – sem er stefnan í alpagreinum. Verður eitt ár á skjön – nota næsta ár til að vinna úr þessu. 13-14 ára flokkurinn fer á bikarmót. Á Ólympíudögum æskunnar hefur þetta skarast fram að þessu.

Breytingatillögur bornar upp: tillaga vegna verðlaunaveitinga. Þrenn verðlaun. Tillaga samþykkt.

Tillaga Jóhanns Tryggvasonar: *Þing SKÍ haldið á Ísafirði 11.-12. maí 2012 samþykkir að veturinn 2013 verði UMÍ haldið fyrir 12-13 ára og 14-15 ára og á SMÍ verði keppt í flokki 16-17 ára, 18-20 ára og fullorðinna. Laga- og reglugerðabreytingar um UMÍ og SMÍ verði gerðar að fenginni reynslu á skíðaþingi 2013.* Samþykkt

Þingskjal nr. 10 með áorðnum breytingum – samþykkt, Laga og reglugerðarnefnd var falið að samræma núverandi reglugerðir SKÍ að breyttu fyrirkomulagi um aldurskiptingu í alpagreinum svo hægt yrði að keppa eftir þeim á komandi vetri.

6) Til baka í önnur mál:

Smári: tilmæli að SKÍ búi til góða frétt um þessar breytingar sem félögin geti notað.

Björgvin Hjörleifsson: Segist ekki finna neina þinggerð síðasta árs á heimasíðu SKÍ – foreldrar lýsa furðu á því. Foreldrar héldu að búið væri að samþykkja eitt og annað. Slæmt að ekki séu birtar fréttir á heimasíðu SKÍ.

Það er full ástæða til að velta vöngum yfir heimasíðunni okkar og þá helst notkunarleysinu á henni. Það er slæmt að ekki séu birtar fréttir frá félögunum hérna heima, það er líka slæmt að ungdómurinn sem erfir landið fær enga umfjöllun. Einnig er undarlegt að fjölmiðlarnir, utan einn, geri okkar íþrótt engin skil. Og því er fyrsta vísan í limru stíl:

Kannski vantar kynningu á okkar góðu íþrótt.
Kjark, þor og eflingu ekki seinna en skjótt.
Við verðum að þora
bæta og skora
og hætta að fara svona hljótt.

Það var á þingsetningunni sem Jóhann Tryggvason fékk gullmerki SKÍ og að sjálfsgöðu var þakkað fyrir sig í bundnu máli. Því varð að gleðjast með honum, einnig í bundnu máli á þennan veg:

Hljóður ber í harmi
huggar Jóa minn.
Gull í glæstum barmi
gleður huga þinn.

Svo að lokum á annan veg, það er öðruvísi ort:

Munum að fæstir fæðast á skíðum
og frelsisins njóta í bláhvítum hlíðum
sem eðlilegt er.
Því þarf að byggja börnin frá grunni
búa til umgjörð svo þau öryggi finni
og skemmti sér.
Ef ekki við vinnum að einingu saman
þá auðvitað finnst fæstum gaman
og forða sér.
Því er nú verr
sem eðlilegt er.

Fjalar Úlfarsson: óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju. Þakkar traust sem honum er sýnt með ráðningu sem landsliðsþjálfari. Hlakkar til að starfa með keppendum og SKÍ.

Árni: Vill vekja athygli á skjalinu um heiðursmerki SKÍ – hvetur félögin til að gera athugasemdir og bæta á listann. Það þarf að koma þessu í lag.

Ólafur Björnsson: þakkar fyrir þingið. Eitt mál hefur tekið mikinn tíma. Niðurstaða ekki merki um ósætti, frekar óöryggi. Önnur mál hafa ekki fengið jafn mikla umfjöllun. Útbreiðslumál hefðu t.d. mátt fá meiri umfjöllun. Áskorun um að vinna að því. Íslandsmeistararitlar - upplýsingar um þá eru ekki alltaf á lausu – þurfum að passa okkur á að halda vel utan um öll úrslit.

Hjalti Karlsson: Þakkar fyrir þingið. Vill herða fólkið. Það spáir að vísu snjókomu en við erum skíðamenn og látum það ekki á okkur fá. Í fyrra fengum við á okkur heilt eldgos í lok skíðaþings.

Jóhann Tryggvason: Þakkar traustið að hans félag fái úthlutað UMÍ. Stefnt er að því að halda það með miklum sóma.

16. Þingslit

Páll Grétarsson: Þakkar traustið að vera kosinn formaður þriðja árið í röð. Býður nýja stjórnar- og nefndamenn velkomna. Fagnar brettamönnum sérstaklega. Mikil gleði fyrir SKÍ – mikil gróska í brettastarfinu og það gerir ekkert annað en efla SKÍ að fá þá inn. Þakkar þeim sem ganga úr stjórn. Njótum krafta sumra áfram með öðrum hætti. Óskar Fjarðabyggð til hamingju með UMÍ og Ísfirðingum með SMÍ. Fagnar ráðningu Fjalars og heitir honum stuðningi. Við verðum að standa saman. Það verður að treysta böndin innan hreyfingarinnar og treysta þeim sem ráðnir eru til hinna ýmsu starfa. Við róum öll í sömu átt. Þakkar starfsmönnum þingsins. Samstaðan skiptir öllu máli – tölum við hvert annað um málefnið. Ekki tala um hvert annað úti í brekku.

Skíðapíngi 2012 er slitið.

7) Þingskjal nr. 2

ÞINGSKJAL nr. 2

Eftirfarandi er tillaga stjórnar SKÍ um fyrirkomulag, mótahald og aldursskiptingu unglunga og fullorðinsflokks

Aldursskipting hópa:

Skíðasamband Ísland mun fylgja eftir breytingum á aldursskiptingu í keppnum á vegum sambandsins til samræmis við reglur FIS um aldursskiptingu. Aldurshópaskipting fyrir fyrir verkefni á vegum SKÍ verður með eftirfarandi hætti:

- Börn 1: 12-13
- Börn 2: 14-15
- Unglingar 1: 16-17
- Unglingar 2: 18-20
- Fullorðnir: 16+

Mótahald og verðlaunaveitingar fyrir fullorðna:

Innan fullorðinsflokks teljast bæði Unglingar 1 og Unglingar 2 auk eldri keppenda.

Verkefni fyrir fullorðna teljast þau mót sem haldin eru undir merkjum SKÍ hvort heldur sem FIS mót og/eða bikarmót SKÍ og Skíðamót Íslands.

Bikarmótaröð fyrir fullorðna verður haldin með sama fyrirkomulagi og verið hefur undanfarin ár.

Verðlaun skulu veitt fyrir hvert bikarmót með breyttu sniði og skal einungis veita þrenn verðlaun fyrir alla keppendur í fullorðinsflokki á bikarmótum.

Veita skal þrenn verðlaun í öllum flokkum fullorðinna á Skíðamóti Íslands.

Til útreiknings á bikarstigum keppenda skulu notuð 4 bestu mót hvers keppanda að meðtöldu SMÍ í hverri grein (svig og stórsvig) fyrir hvern fullorðinsflokk og skulu því krýndir þrír bikarmeistarar í lok tímabils ásamt verðlaunum fyrir annað og þriðja sæti í flokkum Unglingar1, Unglingar 2 og Fullorðnir.

Mótshaldara er heimilt að veita viðbótarverðlaun samkvæmt opnu fyrirkomulagi sem getur m.a. verið bæði samkvæmt úrslitum móta og/eða með úrdrætti úr hópi keppenda.

Mótahald og verðlaunaveitingar fyrir Börn 2:

Verkefni fyrir Börn 2 sem haldin eru undir merkjum SKÍ eru bikarmót SKÍ og UMÍ.

UMÍ fyrir Börn 2 skal haldið samhliða og í tengslum við SMÍ.

Veita skal þrenn verðlaun fyrir bæði yngra og eldra ár í þessum flokki í svigi og stórsvigi.

Eftir sem áður skulu öll bikarmót í þessum flokki reiknast til bikarmeistara.

Veita skal þrenn verðlaun í bikarkeppni SKÍ fyrir sameinaða árganga flokksins Börn 2.

Mótahald og verðlaunaveitingar fyrir Börn 1:

Verkefni fyrir Börn 1 sem haldin eru undir merkjum SKÍ er Meistarmót 12-13 ára.

Mælst er til að gætt verði hófs við verðlaunaveitingar í flokknum Börn 1.

8) Þingskjal nr. 3

ÞINGSKJAL nr. 3

Tillögur SKA varðandi lagabreytingar á skíðaþingi SKÍ í maí 2012

Stjórn SKA vill koma eftirfarandi umræðu á stað varðandi lagabreytingar:

6. grein Breyta tímasetningu þannig að skíðaþing fari fram á haustin. Að öðru leyti sami texti
8. grein a) Vangaveltur um að fulltrúi sveitarfélagi sitji þingið þar sem ljóst er að skíðaíþróttin getur ekki þrífist nema með góðri samvinnu sveitafélaga. Yrði þá liður 8.6
- b) Hér er spurning um að bæta inn að hvert félag eigi eftirfarandi fulltrúa sem hafa rétt til þingsetu þ.e. fulltrúi þjálfara fyrir hverja grein (alpa, göngu og bretta)
10. grein hér þarf að bæta inn 13.iiii. Brettanefnd
10. grein kosning í fastanefndir þ.e. að kjósa í brettanefnd
10. grein, liður 16.iv.3 Útbreiðslunefnd. Núna eru 3 í þessari nefnd. Við leggjum til að þessi nefnd verði stækkuð þar sem skíðaíþróttin er í mikilli vörn í samkeppni við aðrar íþróttir og mikilvægt að efla þennan lið.
13. grein Hafa formannafundi á haustin samhliða SKI þingi – þannig mætti minnka kostnað félaga en eins og kunnugt er berjast félög í bökkum og gott ef hægt er að minnka úgjöld.
15. grein Reikningsár þarfnast endurskoðunar ef tímasetning þingsins breytist

9) Þingskjal nr. 4

ÞINGSKJAL nr. 4

Skíðafélag Akureyrar óskar eftir því að Skíðaþing 2012 taki til umræðu eftirfarandi málefni

Mótahelgi hjá 16 ára og eldri samanstandi af þremur mótum (föstudagskvöld, laugadagur og sunnudagur / eða 2 á laugardegi og 1 sunnudegi). Sparar kostnað í færri ferðarlögum, gefur félögum meiri tíma til æfinga

Að hver mótahelgi samanstandi af einni keppnisgrein. Auðveldar oftast fyrir mótshaldara, hægt að velja staði og brekkur sem hentar hverri grein betur, minni farangur að ferðast með.

Flokkaskipting í unglingsflokkum verði í samræmi við FIS þ.e K1 og K2 (12-13 ára og 14-15 ára). Sameina Meistaramót SKÍ og UMÍ undir UMÍ. Auðveldar mótshald til muna á UMÍ þar sem báðir flokkar nota sömu stangargerð og því hægt að keyra í sömu braut ef mótshaldara sýnist svo.

